

## AUGLÝSING

### um skipulagsmál í Rangárþingi eystra.

#### *Öldugarður, nýtt deiliskipulag.*

Sveitarstjórn Rangárþings eystra samþykkti 16. maí 2024 tillögu að deiliskipulagi að Öldugarði, L164463. Deiliskipulagstillagan gerir ráð fyrir að heimilt verði að byggja íbúðarhús, bílskúr, skemmu og tvö gestahús. Mænishæð verður frá 5 til 7 m. Deiliskipulagið hefur hlotið meðferð samkvæmt 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

#### *Rauðuskriður, nýtt deiliskipulag.*

Sveitarstjórn Rangárþings eystra samþykkti 21. mars 2024 tillögu að deiliskipulagi að Rauðuskriðum, L164057. Deiliskipulagið gerir ráð fyrir 25 gestahúsum til útleigu til ferðamanna, fjórum frístundalóðum og lóð fyrir nýtt íbúðarhús. Gestahúsin verða 15 m<sup>2</sup> með hámarks mænishæð 3,5 m, íbúðarlóðin heimil 200 m<sup>2</sup> íbúðarhús, bílskúr og garðhýsi, hámarksbyggingarmagn lóðar má vera allt að 1.000 m<sup>2</sup> og mænishæð 6 m. Á frístundalóðunum er heimilt að byggja allt að 180 m<sup>2</sup> á hverri lóð, eitt frístundahús, gestahús, geymslu og gróðurhús. Hámarks mænishæð getur verið allt að 4 m. Deiliskipulagið hefur hlotið meðferð samkvæmt 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

#### *Austurvegur 14, breyting á deiliskipulagi.*

Sveitarstjórn Rangárþings eystra samþykkti 16. maí 2024 tillögu að breytingu á deiliskipulagi fyrir miðbæ Hvolsvallar. Deiliskipulagsbreytingin gerir ráð fyrir 1-3 hæða hótélbyggingu með 282 gistiherbergjum ásamt sýningar- og ráðstefnusal. Hámarksbyggingarmagn fer úr 6.000 m<sup>2</sup> úr 14.000 m<sup>2</sup> og nýtingarhlutfall fer úr 0,19 í 0,46. Deiliskipulagið hefur hlotið meðferð samkvæmt 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

*Hvolsvelli, 20. júní 2024.*

F.h. sveitarstjórnar Rangárþings eystra,

**Þóra Björg Ragnarsdóttir**, fulltrúi skipulags- og byggingarsviðs.

B-deild – Útgáfudagur: 5. júlí 2024